

Umhverfisverkefni

Flokkstjóri í vinnuskóla

Stýrir verkefnum ungmenna í vinnuskóla sem felst meðal annars í garðyrkjustörfum, hreinsun umhverfis og öðru tilfallandi sumarverkefnum. Hann leiðbeinir ungmennum við verklega vinnu og helstu grundvallaratriði á vinnustað og umgangast umhverfið af virðingu.

Starfshlutfall: 100 %

Vinnufyrirkomulag: Unnið frá 8.00 – 16.00

Ráðningartímabil: A.m.k. frá 10 júní – 15. ágúst. Flokkstjóra býðst að vinna í öðrum umhverfisstörfum frá 19 maí.

Helstu verkefni:

- Flokkstjóri stýrir verkefnum sumarvinnuflokka í samráði við yfirmanna.
- Þau verkefni sem geta fallið til eru t.d. gróðursetning, raka gras, hreinsa beð, gefa áburð, mála., tína rusl, sópa, þrifa og fleira.
- Flokkstjórar stuðla að góðum samskiptum og vellíðan í unglingahópnum. Hvetja til heilbrigðs lífennis og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Flokkstjóri ræðir við unglingana um ýmis mál sem snerta líf þeirra og tilveru, veitir ráð og stuðning og tekur ábyrgð á því að koma málum í réttan farveg ef á þarf að halda, t.d. til yfirmanns sumarstarfs eða með upplýsingagjöf til foreldra.
- Flokkstjóri fylgist með því að notaður sé viðeigandi öryggis- eða hlífðarbúnaður og sér til þess að gengið sé frá á viðeigandi hátt í lok dags, fylgist með því að allt sé til sem þarf að nota og lætur vita ef eitthvað vantar.
- Flokkstjóri tekur við símtölum frá foreldrum vegna veikinda, hringir í foreldra þegar börn eru ekki mætt til vinnu og skráir allar fjarveru hjá sér. Flokkstjóri heldur utan um tímaskráningu unglinganna og er ábyrgir fyrir því að skila inn réttum tímafjölda til yfirmanns.

Hæfniskröfur:

- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Vestmannaeyjabæjar
- Umsækjandi þarf að vera orðin 18 ára
- Gott vinnusiðferði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af starfi með unglingum kostur
- Frumkvæði, áreiðanleiki, stundvísi, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi

Laun skv. kjarasamningi: Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Eyrún Haraldsdóttir í síma 488 2000 og sumarstorf@vestmannaeyjar.is